

M A T S G E R ð

á arðskrá fyrir

Veiðifélag Langár og Urriðaár
-Langárdeild-

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006
um lax- og silungsveiði:
Ásgeir Magnússon, héraðsdómari
Magnús Ólafsson, viðskiptastjóri
Örlygur Hnefill Jónsson, héraðsdómslögmaður

1. Beiðni um mat

Með bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 14. ágúst 2006, fór Einar Ole Pedersen, formaður Veiðifélags Langár og Urriðaár, kt. 640882-0509, Mýrarsýslu, fram á að ráðuneytið skipaði matsmenn til að gera nýja arðskrá fyrir Langá samkvæmt ósk eigenda Litla-Fjalls. Jafnframt var þess óskað að matið yrði framkvæmt eins og gert væri ráð fyrir í nýsamþykktum lögum um lax- og silungsveiði. Erindi þetta var áframsent til matsnefndar frá landbúnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 14. desember 2006.

Í samræmi við framanritað og með tilliti til laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 tók matsnefnd þetta erindi til meðferðar.

Matsnefnd sendi bréf til veiðifélagsins, dags. 10. maí 2007, þar sem óskað var eftir helstu gögnum varðandi Langá. Síðar verður vikið að því hvaða gögn bárust frá stjórn.

2. Vettvangsganga

Mánudaginn 20. ágúst 2007 fóru matsmenn á vettvang ásamt, formanni veiðifélagsins. Skoðun hófst við Sjávarfoss. Neðan við fossinn og að ósum árinna er enginn veiðistaður, en svæði þetta er inni í mælingum á bakkalengd árinna. Þarna eru jarðirnar Rauðanes, Lambastaðir, Leirulækur, Ánabrekka og Langárfoss. Tvær síðasttöldu jarðirnar eiga einnig land ofan við Sjávarfoss. Á þessu ósasvæði voru netalagnir fyrrum.

Formaður veiðifélagsins benti matsmönnum á að áin væri mjög vatnslítill á þessu sumri og kom hið sama fram ítrekað um daginn hjá aðilum sem matsmenn hittu svo og á kynningarfundum um kvöldið. Veður við skoðun var gott, logn og sólríkt. Greiðfært er með ánni og að veiðistöðum. Merkingar eru góðar þannig að við hvern veiðistað er merki með númeri og nafni staðarins, bæði á íslensku og ensku.

Það einkennir árfarveginn að víða hafa verið gerðir varnargarðar til að áin flæmist ekki um og til að viðhalda veiðistöðum. Athygli vekur að engar vatnsmiklar þverár renna í Langá og lítið er um læk. Áin rennur úr Langavatni, sem er um 5 km langt stöðuvatn, en rétt neðan þess hefur verið gerð stífla og vatnsmiðlun. Stíflan er mikið mannvirki, unnið við erfiðar aðstæður. Stuðlar hún að jafnrennsli í nokkrar vikur þó ekki rigni, sem er talið til mikilla hagsbóta fyrir ána sem veiðiá.

Merktir veiðistaðir á svæðinu frá Sjávarfossi að Ármótafljóti eru 93. Að auki eru 16 veiðistaðir ofan ármóta að stíflu neðan við Langavatn. Fyrsti veiðistaður ofan við Ármótafljót er Heiðarfoss, nr. 16 á korti sem matsmenn hafa fengið. Þessum veiðistöðum eru gefin lækkandi númer og er efsti veiðistaðurinn neðan við vatnsmiðlun nr. 1. Formaður veiðifélagsins hefur upplýst matsmenn um að til standi að breyta þessum númerum þannig að ekki séu tveir staðir í ánni með sömu númerum.

Miklar vegaframkvæmdir hafa verið með ánni þannig að nú má heita að hægt sé að aka að öllum merktum veiðistöðum, en þeir ná yfir um 26 km langt svæði. Vegur ofan við

Sveðjufoss var gerður um 1995. Nokkrir laxastigar eru í ánni og verður nánar vikið að þeim síðar. Laxateljarar eru í ánni til að fylgjast með fiskgöngum.

Fyrstu fjóra áratugi aldarinnar voru leyfðar þrjár stangir í Langá og fór þá mikill hluti veiðinnar fram neðan við Skuggafoss. Á veiðisvæðinu frá Sjávarfossi upp í Ármótafljót hafa undanfarin ár verið leyfðar 12 stangir í júlí og ágúst, en 8 stangir í júní og eftir 10. september. Stangveiðidagar í nýjum leigusamningi, sem gildir frá árinu 2009, eru alls 1150 á ári. Auk þessa hefur frá árinu 2004 verið leyft að veiða á eina stöng á efsta svæði árinna, ofan við Ármótafljót, frá 1. ágúst til 20. september.

Gljúfurá rennur úr Langá við veiðistað nr. 93, Ármótafljót, en nokkru neðar eru ófiskgengir fossar í Gljúfurá þannig að Gljúfurárlax gengur ekki upp í Langá.

3. Matsfundur

Að lokinni vettvangsgöngu var haldinn fundur í Félagsheimilinu Lyngbrekku með veiðiréttareigendum eða fulltrúum þeirra, en stjórn félagsins hafði boðað þá til fundarins samkvæmt ósk matsnefndar í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Á fundinum var spurt hvort gerðar væru athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu fram. Formaður matsnefndar fór yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er. Þá spurði hann hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Nefndarmenn bentu á að landeigendum gæfist síðar kostur á að koma skriflegum athugasemdum sínum á framfæri. Á fundinum var upplýst hvaða gögnum hefði verið skilað til matsnefndarinnar. Þá kom fram að Veiðimálastofnun væri að ljúka við gerð búsvæðamats. Tillaga kom fram um nýja mælingu á bakkalengd árinna og var hún samþykkt samhljóða.

Fulltrúar eftirtalinna jarða og landeigna sátu fundinn:

Leirulækjar, Háhóls, Langárfoss, Grenja, Hvítstaða, Ánabrekku, Jarðlangstaða, Rauðaness, Litla-Fjalls, afréttar Álfthreppinga og afréttar Borghreppinga. Ekki mættu til fundarins fulltrúar frá Stangarholti og Lambastöðum.

4. Kallað eftir gögnum

Í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga sendu matsmenn hinn 20. október 2007 bréf til allra eigenda veiðiréttar í Langá þar sem þeim var gefinn kostur á að senda til nefndarinnar skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað geti mat á arði einstakra fasteigna. Bárust nefndinni bréf frá eigendum Grenja, Rauðaness 1, Litla-Fjalls og Ánabrekku og frá talsmönnum afrétta Álfthreppinga og Borghreppinga. Þá barst einnig bréf frá formanni Veiðifélags Langavatns. Verða sjónarmið þessara aðila rakin síðar í matsgerð þessari.

5. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Langár og Urriðaár. Félagið starfar samkvæmt samþykktum nr. 1355/2007, sem staðfestar voru af Landbúnaðarstofnun 3. des. 2007 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda 22. janúar 2008. Komu þær í stað eldri samþykktu nr. 268/1973. Í samþykktunum kemur fram að veiðiréttarhafar eru þeir sem land eiga að Langá og Urriðaá eða eiga veiðirétt í þeim ám frá ósi í sjó að miðlunarstíflu við Langavatn, og fiskgengum lækjum sem í ár þessar falla.

Í matsbeiðninni er einungis beðið um mat á Langá og er því ekki fjallað um Urriðaá í matsgerð þessari. Samþykktirnar taka til beggja ána, en í 3. mgr., 3. gr. segir að félagið starfi í tveimur deildum, Langárdeild og Urriðaárdeild, og sjái hvor deild um sérmál sín, þó með þeim takmörkunum sem aðalfundur félagsins setur hverju sinni.

Samkvæmt 5. gr. samþykktanna er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið taki til allrar veiði á svæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gildandi fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 12. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

6. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eiga eftirgreindar jarðir og landeignir veiðirétt í Langá, talið frá ósi eftir bökkum árinna:

Vesturbakki: Lambastaðir, Leirulækur, Langárfoss, Háhóll, Hvítsstaðir, Grenjar og afréttur Álfthreppinga.

Austurbakki: Rauðanes, Ánabrekka, Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Litla-Fjall og afréttur Borghreppinga.

7. Rekstur veiðivatna

Frá árinu 1994 hefur Langá verið leigð út í einu lagi, en áður höfðu einstök svæði árinna verið leigð sérstaklega. Með leigusamningi dags. 4. sept. 2005 tók Ingvi Hrafn Jónsson á leigu allan rétt til stangveiða í Langá frá Leirum neðan Sjávarfoss að Langavatni. Leigusamningurinn gildi frá og með leigutímabilinu 2005 til loka veiðitímabilsins 2008. Leigusamningurinn var verðtryggður og voru heildargreiðslur til veiðifélagsins árið 2008 um 53 milljónir króna.

Gildandi leigusamningur tekur til veiðitímabilsins 2009 til loka veiðitímabilsins 2011. Samningurinn er við Lax ehf. Forustumenn þess félags eru Gísli Ásgeirsson, Jón Þór Júlíusson, Jóhannes Kristinsson o.fl. Hið leigða er svæðið frá Leirum neðan Sjávarfoss að vaði skammt ofan ármóta. Árleg leigugreiðsla er um 67 milljónir króna miðað við verðlag í október 2007. Samningurinn er verðbættur samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Efsta svæði árinna, þ.e. fyrir ofan veiðistað nr. 93, er undanþegið í gildandi leigusamningi. Samkvæmt ákvörðun veiðifélagsins var ekki heimilt að veiða á því svæði fyrr en árið 2004, en þá fékkst heimild til að veiða þar með einni stöng á tímabilinu 1. ágúst til 20. september ár hvert. Veiðifélagið hefur annast sölu á veiðileyfum. Tekjur félagsins af svæðinu eru um ein milljón króna á ári samkvæmt upplýsingum formanns félagsins.

Veiðifélagið reisti veglegt veiðihús árið 1998 og byggði við það árið 2002. Arðgreiðslur til félagsmanna voru um 34 milljónir króna árið 2008 og svipaðar árið á undan.

8. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

8.1. Rauðanes I

Eigandi jarðarinnar hefur skriflega óskað eftir því að athugaður verði sérstaklega fjöldi eininga vegna þeirra fjögurra lagna sem tilheyri jörðinni. Í þessar lagnir hafi verið veitt frá árinu 1935 og þar til Veiðifélag Langár var stofnað. Er tekið fram að bakkalengd árinna fyrir Rauðanesi I sé 2.950 metrar og að ekki sé vitað til þess að ós árinna hafi breyst frá síðasta mati.

8.2. Ánabrekka

Í greinargerð sem talsmaður eigenda jarðarinnar hefur sent matsnefndinni bendir hann á að þeir sem hafi farið fram á aukinn hlut í arðskrá séu eigendur jarða á Grenjadal, sem sé efsti hluti veiðisvæða Langár. Sé það mat eigenda Ánabrekku að kröfugerð þessara jarðeigenda eigi lítt við rök að styðjast auk þess sem varhugavert sé að leggja veiðireynslu allra síðustu ára til grundvallar við endurmat arðskrárinnar. Um það leyti sem síðasta mat hafi tekið gildi, á árinu 1996, hafi orðið mjög róttæk breyting á veiðitilhögun við Langá. Fram að þeim tíma hafi veiðiréttareigendur hver um sig annast sölu veiðileyfa. Hafi þannig eigendur veiðiréttarins á neðsta svæðinu, Ánabrekku og Langárfoss, leigt veiðina út í sameiningu. Hafi að jafnaði verið á svæðinu 5 stangir og hafi nýtingin á þeim verið mjög góð. En þegar samþykkt hafi verið í veiðifélaginu á árinu 1997 að bjóða veiði árinna út sem heild hafi hlutur þessara jarða rýrnað verulega vegna breyttrar veiðistjórnunar þar sem leigutakinn hafi haft hagsmuni af því að dreifa veiðinni sem mest meðfram allri ánni. Telji landeigendur á neðsta svæðinu mjög óeðlilegt að slík stjórnun á veiðinni síðasta áratuginn verði lögð til grundvallar við mat á veiði árinna. Væru hæg heimatökin ef vilji væri til þess af hálfu leigutaka að halda veiðinni mjög uppi þar, enda sé þar um að ræða neðsta veiðisvæði árinna þar sem allar laxagöngur fari um. Séu þar bestu einstöku veiðistaðir árinna og alls skráðir þar einir 27 veiðistaðir. Beri fremur að leggja þessar hlutlægu staðreyndir til grundvallar heldur en þætti eins og veiðistjórnun sem unnt sé að hafa áhrif á af hálfu leigutaka.

Varðandi fyrirbyggjandi gögn um bakkalengd og búsvæðamat kveðst eigandinn ekki gera neina athugasemd við bakkalengdarmælinguna, en hins vegar sé óhjákvæmilegt að gera nokkra athugasemd við búsvæðamatið að því marki sem það eigi að hafa áhrif. Þannig byggist rannsóknin á stikkprufum sem óvíst sé að hafi í öllum tilvikum beinst að bestu uppeldisstöðum hvers svæðis. Einnig sé til þess að líta að Langá tilheyri víðáttumikið ósasvæði sem sé með ríflega 28 km bakkalengd beggja vegna árinna. Megi ætla að ósasvæðið sé eitt mikilvægasta svæði árinna fyrir seiðin áður en þau gangi til sjávar og eigi sinn þátt í góðum endurheimtum og laxagöngum í hana. Ef þar væri lítt lífvænlegt myndi það fljótt skila sér í slökum endurheimtum. Mætti í þessum efnum vísa til rannsóknar Veiðimálastofnunar frá 1992 á fæðu sjóbleikju í Langárósi þar sem fram komi að fæðunám laxaseiða og sjóbirtings hafi verið kannað sérstaklega og að fiskar af báðum þessum tegundum éti mikið af marflóm og ögnum. Einnig megi vísa til rannsóknar á fæðu laxaseiða í Langárósi sem Veiðimálastofnun og fleiri hafi gert á árinu 1997. Hafi þar meðal annars komið fram að fyrstu vikurnar eftir að laxinn gangi til sjávar sé talinn sá tími sem ráði mestu um það hve stór hluti gönguseiðanna skili sér aftur í ferskvatn. Í báðum þessum rannsóknum komi fram að ósasvæði Langár sé sérlega áturíkt og góðar aðstæður þar ættu því að auka líkur á góðri afkomu gönguseiða.

Með vísan til framangreinds sé þess krafist að arðskrá Langár fyrir landi Ánabrekku verði ekki breytt jörðinni til tjóns.

8.3. Háhóll

Eigandi jarðarinnar vekur athygli matsnefndar á því að veiðistaðurinn Tannalækjarbreiða hafi í mörg ár verið einn af gjöfulustu veiðistöðum árinna, en í miklum flóðum og jakaburði á árinu 2000 hafi hann skemmst mikið. Hafi áin rifið mikið af vesturbakkanum, Háhólmegin, þannig að veiðistaðurinn hafi orðið óþekkjanlegur og veiðin hrunið. Þannig hafi veiði þar verið 107 laxar árið 1998, 130 laxar árið 1999, 18 laxar á árinu 2000 og 25 á árinu 2001. Kveðst eigandinn hafa unnið við lagfæringar á bakkanum í áföngum, undir leiðsögn Sigurðar Más Einarssonar hjá Veiðimálastofnun, með því að keyra í hann grjót og mól. Hafi þetta borið þann árangur að á árinu 2005 hafi farið að veiðast þarna hátt í það sem veiðst hafi áður en skemmdirnar urðu, eða 80 laxar árið 2005, 87 laxar 2006 og 98 laxar árið 2007.

8.4. Litla-Fjall

Talsmaður eigenda jarðarinnar hefur lýst þeirri skoðun í skriflegri greinargerð að efsti hluti árinna hafi verið gróflega vanmetinn við fyrri matsgerðir. Lýsir hann því að allt frá árinu 1960 hafi eigendur jarðanna Litla-Fjalls og Grenja haft forgöngu um að laxastigar yrðu gerðir í ánni. Hafi þannig verið gerður laxastigi í Skuggafossi strax árið 1962 og fáum árum síðar hafi verið reistur laxastigi í Sveðjufossi, sem þá hafi verið hæsti laxastigi landsins. Í framhaldi hafi verið byggðir laxastigar í Kotafossi og Tófufossi. Hafi með þessum stigum verið opnaðir möguleikar á að laxinn gengi að Sveðjufossi og síðan upp fyrir hann þar sem augljóslega væru góð uppeldisskilyrði fyrir lax. Enda þótt þessar framkvæmdir hafi verið á vegum Veiðifélags Langár hafi eigendur jarðanna lagt til talsvert fé úr eigin vasa, auk ómældrar sjálfboðavinnu.

Kemur fram að allt frá því að laxastiginn við Sveðjufoss hafi orðið laxgengur, og á meðan hver jörð hafi nýtt veiði fyrir sínu landi, hafi eigendur Litla-Fjalls og Grenja haft heimild fyrir þremur stöngum. Hafi þeir aldrei farið fram á að stöngunum yrði fjölgað, enda þótt laxgengd hafi verið mikil upp fyrir Sveðjustigann. Hafi þeir fyrst og fremst haft áhuga á að rækta upp lax á svæðinu og ekki viljað að veiðiálag yrði of mikið. Við undirbúning gildandi yfirmats hafi þeir vakið athygli yfirmatsnefndar á framangreindu og einnig því að veiði á svæðinu hefði nánast eingöngu verið stunduð af eigendum og fjölskyldum þeirra. Á sama tíma hefðu veiðileyfi verið seld og veiði stunduð af fullum krafti á öðrum svæðum árinna. Í stað þess að taka tillit til þessara raka og hækka verðmat efsta svæðisins hefði nefndin dregið niður mat á raunverulegri veiði og uppeldisskilyrðum með vísan til þess að mikill fjöldi seiða dræpist á niðurleið um Sveðjufoss. Engin fræðileg rök séu hins vegar fyrir þessari niðurstöðu, enda séu mörg dæmi í laxveiðiám um góð svæði ofan fossa sem skili miklum fjölda seiða til sjávar.

Langá hafi nú verið leigð út í níu ár og hafi komið í ljós að veiðiskýrslur þessara ára gefi allt aðra mynd af veiði en skýrslur fyrri ára. Hafi veiðin á þessu tímabili margfaldast ofan Sveðjufoss og dreifing veiði sé nú jafnari en áður. Sé því fyrst nú hægt að gera sanngjarnt arðsmat á Langá og vonist eigendur Litla-Fjalls eftir að tekið verði fullt tillit til þessara breyttu forsendna við þá matsvinnu sem nú standi yfir.

Loks bendir talsmaðurinn á að efsta svæði Langár, „Fjallið“, gefi ánni mjög aukið gildi. Þar sé mikil náttúrufegurð og náttúran nánast ósnert. Engin byggð sé á þessu svæði og engir tilbúnir veiðistaðir.

8.5. Grenjar

Eigendur Grenja benda á að það mat sem nú standi yfir sé fyrsta arðskrámatið sem fram hafi farið á ánni eftir að hún hafi farið í heildarútleigu. Við fyrri mót hafi einungis landeigendur og kunningjar þeirra veitt á efsta svæðinu fyrir landi jarðanna Grenja og Litla-Fjalls. Á sama tíma hafi neðri svæði árinna verið í stífri útleigu og veiði því meira stunduð þar. Hafi veiðitölur því ekki gefið rétta mynd af ástandinu að þessu leyti. Þá hafi svæðið verið að byggjast upp smám saman eftir gerð einstakra fiskvega en uppbyggingartími veiðisvæðis ofan fiskvega sé talinn vera 10 til 15 ár þegar best gangi.

Jafnframt er vakin athygli á því að við gerð fiskvega hafi veiðisvæði árinna lengst úr 16 í 26,5 km, eða um rúm 65%, og hafi meðalveiðin aukist svipað. Það sé því nokkuð ljóst hversu miklu efsta svæðið skili.

Seiðamælingar hafi verið gerðar árlega allt frá árinu 1980, fyrst af Árna Ísakssyni veiðimálastjóra og síðan af Sigurði Má Einarssyni, deildarstjóra hjá Veiðimálastofnun. Hafi efsta svæðið öll þessi ár komið hvað best út af öllum svæðum árinna og undanfarin ár hafi ármótasvæðið verið besta svæði árinna með tilliti til seiðabéttleika. Á því svæði verði heldur ekki ísruðningar eins og verði víða neðar í ánni. Við það að efstu svæðin hafi skilað meiri seiðaframleiðslu gerist það að fiskur sé farinn að ganga mun fyrr þangað en áður og hafi þetta verið áberandi síðastliðin 10 ár. Hlýnandi veður geti þó einnig hafa haft einhver áhrif hvað þetta varði.

Þá sé og vakin athygli á því að svæðið ofan Sveðju sé algerlega náttúrulegt, án byggðar og tilbúinna veiðistaða, en neðan Sveðju sé fjöldi tilbúinna veiðistaða með töluverðri sumarhúsabyggð í nágrenni árinna.

Mjög hafi komið á óvart að í síðasta yfirmati hafi búsvæðið ofan við Sveðju verið sett niður um 50% vegna fullyrðinga landeigenda neðar við ána um að seiðin dræpust mikið þegar þau færu niður Sveðjufoss. Þetta sé hins vegar fjarstæða því aldrei hafi orðið vart við dauð seiði neðan við Sveðju og fiskifræðingar telji þetta rangt. Fjölmörg dæmi séu um ár sem hafi verið gerðar laxgengar upp fyrir háa fossa og hafi við það aukist veiði í þeim í sama mæli og jafnvel meira mæli en nemi aukningu á laxgenga svæðinu. Megi þar t.d. nefna Selá í Vopnafirði, en þar hafi veiðisvæðið farið úr 6 km í 30 km og meðalveiði úr 200 löxum í 1600 laxa.

Þá hafi veiðitölur í síðasta yfirmati verið settar niður um 10% vegna þess að lax gengi seinna á svæðið ofan Sveðju. Á þessu hafi hins vegar orðið breyting eins og áður hafi verið rakið.

Loks sé bent á að skrá sú sem gerði hafi verið af Bjarna Arasyni á árinu 1969 yfir bakkalengd, og hafi verið notuð fram að þessu, virðist tilgreina bakkalengd Grenja, neðan Sveðju, u.þ.b. 370 m of stutta. Áformað sé að fram fari ný mæling á bakkalengd árinna.

Af framangreindu sé ljóst að mikil breyting hafi orðið á Langá á síðustu 10 til 15 árum, bæði með tilliti til veiði og innkomu nýrra uppeldissvæða, og því sé ekki hægt að leggja fyrri matsgerðir til grundvallar nýju mati.

8.6. Afréttur Álfthreppinga og afréttur Borghreppinga

Í greinargerð þessara aðila kemur fram að veiðisvæði það sem tilheyrir afrétti Álfthreppinga nái frá læk neðan við Heiðarfoss og að Langavatni en svæði afréttar Borghreppinga nái frá ármótum Langár og Gljúfurár að Langavatni.

Fram kemur að samkvæmt ákvörðun veiðifélagsins hafi mörg undanfarin ár ekki verið stunduð veiði á umræddu svæði ofan við veiðistað nr. 93. Á árinu 2004 hafi verið sótt um leyfi til að veiða á svæðinu með einni stöng frá 1. ágúst til 15. september. Hafi leyfið verið veitt í lok júlímánaðar og hafi þá hafist sala veiðileyfa. Segja veiðiréttareigendur söluna hafa verið í höndum stjórnar veiðifélagsins og hafi aðallega verið selt veiðiréttareigendum í Langá. Ekki hafi selst nema um $\frac{2}{3}$ hlutar veiðileyfa, aðallega vegna skamms sölutíma. Á svæðinu eigi að sleppa öllum veiddum laxi en ekki þurfi að sleppa silungi. Einungis sé leyft að veiða á flugu. Frá árinu 2005 hafi veiði verið leyfð frá 1. ágúst til 20. september og hafi nær öll veiðileyfi selst.

Á svæðinu frá Heiðarfossi að Langavatni séu nú 16 merktir veiðistaðir, sem séu viðbót við þá 93 veiðistaði sem verið hafi í Langá. Hafi sala þessara veiðileyfa nú þegar aukið leigutekjur árinna nokkuð.

Í ljósi þess að ekki hafi verið heimiluð veiði á umræddu svæði, utan veiðistaðar nr. 93, nema hluta af viðmiðunarárum samkvæmt samantekt um skiptingu á veiði eftir veiðistöðum, sé farið fram á að matsnefnd taki tillit til þessa við gerð nýrrar arðskrár.

9. Skipting arðs

9.1. Almenn

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“

Samkvæmt 12. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, nr. 1355/2007, frá 3. desember 2007, skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Í gildandi arðskrá Langár, yfirmatsgerð frá 30. maí 1997, er arði skipt í einingar og miðað er við að heildarfjöldi þeirra sé 1.000. Í þessari matsgerð er hins vegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Hér að neðan kemur niðurstaða matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og reglugerð nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

9.2. Aðstaða til netaveiði

Af gögnum er ljóst að bann við netaveiði í neðsta hluta Langár hefur skert hagsmuni veiðiréttareigenda jarðanna Rauðaness, Leirulækjar, Lambastaða, Ánabrekku og Langárfoss. Þeir hagsmunir verða ekki bættir nema með sérstakri úthlutun eininga í arðskrá. Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiða. Þær jarðir, sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina, eiga að fá þann skaða bættan með úthlutun í arðskrá. Við mat á fjölda eininga sem koma fyrir aðstöðu til netaveiði verður ekki litið fram hjá því að verðmæti netafisks er minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið úthlutar matsnefnd 380 einingum út á ósasvæðið. Þessum einingum er skipt milli jarðanna með tilliti til landlengdar hvernar jarðar frá óslínu að Sjávarfossi.

9.3. Aðstaða til stangveiða

Mat á þessum þætti er byggt á skilagrein frá Veiðimálastofnun um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum í Langá og skiptingu á jarðir vegna ára 1997 til 2008, að báðum árum meðtöldum. Ekki er gerður greinamunur á hvort fiskum var sleppt eða þeim landað. Færst hefur í vöxt að sleppa veiddum laxi í ánni eins og mörgum öðrum ám. Skýrsluhald um laxveiði á því 12 ára tímabili sem mat þetta miðast við hefur verið mjög traust. Skráðir voru 21.355 veiddir laxar, en aðeins 99 þeirra voru ekki skráðir á merktan

veiðistað. Á merkta og númeraða veiðistaði á veiðisvæðinu frá Sjávarfossi upp í Ármótafljót, veiðistað nr. 93, voru skráðir 20.908 laxar. Á svæðinu þar fyrir ofan voru skráðir 348 laxar, en skráning á veiði hófst þar árið 2004. Sérstaklega verður fjallað um úthlutun arðseininga fyrir efsta svæðið í kafla 10.5 hér á eftir.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 4.950 einingum milli veiðiréttareigenda eftir hlutdeild þeirra í laxveiði á svæðinu frá Sjávarfossi upp í Ármótafljót.

Eigandi Háhóls benti á, í einkasamtölum við matsmenn og í bréfi, að einn af veiðistöðum jarðarinnar, Tannalækjarbreiða, hefði spillst mikið í flóði árið 2000. Það hefði leitt til þess að lítið veiddist á þessum stað næstu ár á eftir eða þar til hann hefði látið gera endurbætur á staðnum í samráði við fiskifræðing. Ljóst er að mjög margt getur orsakað að veiðistaðir taki breytingum og veiði færist milli einstakra veiðistaða. Ekkert liggur fyrir um að umræddar breytingar hafi orðið vegna aðgerða veiðifélagsins eða annarra veiðiréttareigenda við ána. Matsmenn skoðuðu sérstaklega veiði fyrir landi Háhóls. Sem hlutfall af heild hefur veiði í landi jarðarinnar lítið breyst á framangreindu tímabili. Benda má á að veiði í Stórhólakvörn, sem er næsti veiðistaður, fór vaxandi á sama tíma sem hún minnkaði í Tannalækjarbreiðu. Matsnefnd telur því ekki grundvöll til að úthluta einingum vegna þessa.

Silungsveiði er óveruleg í Langá og ekki skráð í þeim skýrslum sem matsmenn hafa undir höndum. Kemur silungsveiði því ekki til álita við ákvörðun arðs í mati þessu.

9.4. Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Rík hefð er fyrir því í eldri matsgerðum að meta vægi bakka mishátt með tilliti til vatnsmagns. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði, sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Þá ber og skv. b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði að horfa til vatnsmagns og vatnsbotns í þessu efni.

Við Langá hagar svo til að vatnsmagn árinna er mjög svipað frá upptökum til óslínu í sjó, en eins og áður hefur komið fram renna ekki vatnsmiklar þverár í ána. Í efri hluta árinna, þ.e. ofan við Sjávarfoss, er stærð vatnsbotns miðað við lengd minni en á ósasvæðinu, en á móti kemur að í efri hluta árinna er straumur meiri og því aðstaða til stangveiði sem skapar tekjur fyrir veiðifélagið. Almennt gætu þessir þættir leitt til mismunandi vægis á einstökum svæðum en eru hér látnir vega hver á móti öðrum. Hins vegar má benda á að við úthlutun eininga í samræmi við búsvæðamat fá einstakir árhlotar einingar miðað við botngerð og flatarmál og við úthlutun eininga vegna veiði fá svæði einingar í samræmi við veiðitölur.

Matsnefnd ákveður að í Langá skuli landlengd hafa sama vægi allt frá óslínu í sjó að Lindalæk neðan við Heiðarfoss.

Meðal þeirra gagna er matsmenn fengu í hendur við upphaf vinnu sinnar var tafla um landlengd jarða við Langá, unnin árið 1969 af Bjarni Arasyni ráðunaut. Samþykkt var á fundi í veiðifélaginu 20. ágúst 2007 að láta gera nýja mælingu á ánni frá Sjávarfossi að Langavatni. Veiðifélagið fékk Sigurður Mát Einarsson, forstöðumann Veiðimálastofnunar á Vesturlandi, til að gera þá mælingu samkvæmt stafrænum kortagrunni. Samkvæmt henni nemur lengd árinna frá Sjávarfossi að Langavatni 26,5 km. Formaður veiðifélagsins sendi niðurstöðuna til allra veiðiréttareigenda og gerði enginn þeirra athugasemd. Mælingin var einnig kynnt á aðalfundi félagsins 2008. Matsnefnd leggur því mælingu Sigurðar Mát til grundvallar mati þessu.

Ekki hafa komið fram athugasemdir við mælingu Bjarna Arasonar af ósasvæði árinna og verður hún því lögð til grundvallar í mati þessu. Samkvæmt skýringum Bjarna voru báðir bakkar mældir frá Sjávarfossi til sjávar þannig að vesturbakkinn var mældur á ystu tögl Landdeildarhöfða, en austurbakkinn á ystu tá Rauðaneseyja. Vesturbakkinn reyndist vera 13.956 m en austurbakkinn 14.726 m.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.800 einingum milli veiðiréttareigenda eftir hlutdeild í landlengd að ánni frá Óslínu í sjó að Lindalæk neðan við Heiðarfoss. Lengd bakka þáðan að Langavatnsósi er 3.456 m og verður sérstaklega fjallað um úthlutun arðseininga fyrir það svæði í kafla 10.5 hér á eftir.

9.5. Uppeldis- og hrygningarskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra, en jafnan hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að meta gildi þessara skilyrða við arðskrágerð. Sérfræðilegt mat búsvæða er ætlað til að bæta úr þessum erfiðleikum.

Við mat þessa þáttar leggur matsnefnd til grundvallar búsvæðamat Veiðimálastofnunar fyrir Langá frá maí 2001. Við gerð búsvæðamatsins er ánni skipt niður í einsleit svæði með tilliti til uppeldis- og hrygningarskilyrða. Margfeldi botngilda og kornastærðar botns er síðan lagt saman fyrir hvert svæði og fæst þá framleiðslugildi. Framleiðslueiningar hvers svæðis eru fengnar með því að margfalda framleiðslugildi með flatarmáli búsvæðisins. Samkvæmt því teljast framleiðslueiningar í Langá 23.226. Vegna vinnu við arðskrámat þetta skipti Veiðimálastofnun framleiðslueiningunum niður á einstakar jarðir og var skýrsla þar um birt í nóvember 2007. Ber hún heitið Skilagrein, búsvæðamat eftir jörðum á vatnasvæði Langár.

Búsvæðamat hefur ekki verið gert fyrir ósasvæði árinna, þ.e. svæðið neðan við Sjávarfoss. Á þessu er vakin athygli í bréfi frá eigendum Ánabrekku, sem eins og fjórar aðrar jarðir liggja að ósasvæðinu. Af rannsóknum fiskifræðinga verður ráðið að laxaseiði alist yfirleitt ekki upp á ósasvæðum heldur séu slík svæði fyrst og fremst leið fyrir seiðin sem gangi þá venjulega hratt þar um til sjávar. Þó eru taldar undantekningar á þessari reglu og er ósasvæði Langár nefnt sem dæmi um slíkt. Þannig hafi laxaseiði veiðst þar allt frá maí fram í október. Ósasvæðið er talið hafa vítt seltusvið og geti laxaseiði sem ekki séu sjóþroska því hugsanlega nýtt sér þessi skilyrði til uppeldis án þess að seiðin séu í sjógöngubúningi.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 1.500 einingum vegna búsvæða milli veiðiréttareigenda frá Sjávarfossi að stíflu við Langavatn. Þessum einingum er skipt í samræmi við framangreinda skilagrein Veiðimálastofnunar frá 2007.

Þá úthlutar matsnefnd til viðbótar 170 einingum út á ómetin búsvæði á ósasvæði árinna. Þessum einingum er skipt milli jarða með tilliti til landlengdar á svæðinu frá óslínu að Sjávarfossi.

10. Aðrir þættir

10.1. Þverár

Engar vatnsmiklar þverár renna í Langá.

10.2. Sleppitjarnir

Undanfarin ár hefur um tíu þúsund sjógönguseiðum verið sleppt árlega í Langá. Sleppitjarnir eru allt frá veiðistaðnum Glanna nr. 23 upp að veiðistaðnum við Kotafoss nr. 84. Þessar sleppitjarnir eru þannig dreifðar vítt um ána og verður að telja að þær hafi ekki veruleg áhrif á veiði á einstökum stöðum. Verða þær því ekki láttnar hafa áhrif á skiptingu arðs í mati þessu.

10.3. Laxastigar og/eða fiskvegir

Í árunna rás hafa orðið miklar breytingar á dreifingu veiðinnar um ána og þar með hlutdeild einstakra jarða í veiði. Frá árinu 1962 hafa verið byggðir 5 fiskvegir í Langá. Við það hefur veiðisvæðið nær því tvöfaldast. Byrjað var að gera Skuggafoss laxgengan árið 1962. Fyrir þann tíma gekk lax ekki upp fyrir fossinn fyrir en líða tók á sumar. Laxastigi var byggður í Sveðjufossi 1967, í Kotafossi 1978 og Tófufossi 1986. Við Myrkhylsrennu var sprengdur náttúrulegur farvegur 1992 til 1994. Í kjölfar fiskvegagerðar hefur lax numið land á nýjum lendum sem nýtast laxastofninum til hrygningar, seiðauppeldis og veiða. Samkvæmt upplýsingum frá Veiðimálastofnun getur landnám laxa stundum gengið hægt fyrir sig. Þetta á t.d. við um svonefnt ármótasvæði í Langá, fyrir ofan útfall Gljúfurár. Í kjölfar fiskvegagerðar í Tófufossi og Myrkhyl náði lax að ganga upp á svæðið, en lengi vel gekk landnám þar hægt. Árið 2006 hafði lax hins vegar náð að nýta svæðið að fullu samkvæmt álitum Veiðimálastofnunar. Laxinn var þá einnig farinn að nema land fyrir ofan Heiðarfoss og hefur töluverð veiði verið á því svæði síðustu árin. Enn er seiðamagn þó mun minna þar en neðar í ánni og telst svæðið því ekki enn fullnýtt.

Fyrir liggur að framkvæmdir þessar hafa haft veruleg áhrif á veiði og verðmæti árinna í heild og skiptingu veiði á einstaka staði, en umfram það verða þær ekki láttnar hafa áhrif á skiptingu arðs í mati þessu.

10.4. Framkvæmdir á vegum veiðifélagsins

Í matsgerð þessari hefur verið vikið að framkvæmdum við farveg árinna en þær eru ekki taldar hér hafa áhrif á skiptingu arðs.

10.5. Misjafnar tekjur og veiðireynsla

Verkefni matsnefndar er að skipta tekjum af vatnasvæði milli landeigenda. Oftast eru vatnasvæði leigð í einu lagi með sérstökum samningi þar um. Þegar hins vegar háttar svo til að tekjur eru mismunandi af einstökum veiðisvæðum innan félagssvæðis telur matsnefnd rétt að taka mið af því við skiptingu eininga í arðskrá. Er það í samræmi við niðurstöður eldri matsgerða. Í Langá er því svo háttað að tekjur af svæðinu frá Leirum neðan við Sjávarfoss að Lindalæk, neðan við Heiðarfoss, voru rúmlega 50 milljónir króna árið 2008 og verða hærri með nýjum leigusamningi. Hins vegar eru veiðileyfi á svæðinu þar fyrir ofan seld sérstaklega og nema tekjur veiðifélagsins af þeirri sölu um einni milljón króna á ári.

Fá ár eru síðan lax nam land á efsta svæði árinna eftir gerð fiskvega og er ekki skráð veiði á þessu veiðisvæði fyrr en árið 2004. Á svæðinu er því ekki veiðireynsla nema fimm síðustu ár.

Með tilliti til framangreinds mismunar á verðmætamyndun og veiðireynslu telur matsnefnd ekki forsendur til að úthluta efsta svæðinu einingum á sama hátt og öðrum svæðum árinna. Það er hins vegar niðurstaða nefndarinnar að úthluta svæði þessu 200 einingum vegna bakkalengdar og veiðireynslu til viðbótar þeim einingum sem svæðinu hefur þegar verið úthlutað vegna búsvæðamats, sbr. kafla 9.5.

10.6. Langavatn

Formaður Veiðifélags Langavatns, Þorkell Fjeldsted, hefur með bréfi bent á að stífla neðan við Langavatn sé mjög mikilvæg fyrir Langá og Gljúfurá. Í bréfinu segir m.a: „Undirrituðum finnst ekki óskynsamlegt að Veiðifélag Langavatns fái andvirði einhverra eininga frá veiðifélögunum fyrir hin auknu afnot af vatninu í endurgjald og spurningin er hvort matsnefnd geti úrskurðað þar um.“

Það er álit matsnefndar að hún geti ekki úthlutað einingum til Veiðifélags Langavatns þar sem samkvæmt samþykktum Veiðifélags Langár og Urriðaár nær félagssvæðið einungis upp að miðlunarstíflu neðan Langavatns.

10.7. Aðrar kröfur

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað.

11. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 3.534.015 krónur, án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Langár og rennur hann í ríkissjóð í samræmi við ákv. 47. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006.

12. Arðskrá fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár -Langárdeild-

Niðurstaða matsnefndar er að arðskrá fyrir Langárdeild skuli vera sem hér greinir:

	Einingar.
Rauðanes	166
Lambastaðir.....	28
Leirulækur.....	517
Langárfoss	1.338
Ánabrekka	1.741
Háhóll	320
Hvítsstaðir	967
Jarðlungsstaðir	854
Stangarholt.....	652
Grenjar	1.644
Litla-Fjall.....	1.338
Afréttur Borghreppinga.....	263
Afréttur Álftreppinga.....	<u>172</u>
Samtals	<u>10.000</u>

Blönduósi 31. janúar 2009

Örlygur Hnefill Jónsson
formaður

Ásgeir Magnússon

Magnús Ólafsson

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Skilagrein. Skipting veiði í Langá eftir veiðistöðum 1997-2006. VMST-G/02005.
2. Exelskjál frá Veiðimálastofnun um veiði á einstökum veiðistöðum til 2008.
3. Upplýsingar frá Veiðimálastofnun um göngur laxfiska um fiskteljara í Sveðjufossi 2000-2007.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Bréf Sigurðar Mús Einarssonar, dags. 20. nóv. 2007, varðandi mælingu á bakkalengd jarða við Langá.
2. Skýrsla um mælingu á bökkum Langár gerð af Bjarna Arasyni 1969.
3. Búsvæði laxa í Langá á Mýrum. VMST-V/01009, Sigurður Már Einarsson 2001.
4. Skilagrein. Búsvæðamat eftir jörðum á vatnasvæði Langár. VMST-G/07011, Sigurður Már Einarsson 2007.
5. Fiskirannsóknir í Langá 2006. Seiðabúskapur og fiskirækt. VMST-/07017, Sigurður Már Einarsson 2007.
6. Fæða sjóbleikju í Langárósi. VMST-R/92021, Jóhannes Sturlaugsson, Sigurður Már Einarsson og Vigfús Jóhannsson 1992.
7. Matsgerð vegna ákvörðunar óss í sjó og friðunarsvæði fyrir ósi Langár í Mýrasýslu, ásamt meðfylgjandi upprætti. Bjarni Ásgeirsson hrl. og Gísli Ellertsson bóndi, 7. mars 1996.
8. Langá, efsta svæði – veiðikort, ágúst 2003.
9. Langá á Mýrum, Veiðileiðsögn eftir Ingva Hrafn Jónsson. Útþrentun af heimasíðu.
10. Skrá veiðifélagsins með nöfnum eigenda veiðiréttar og heimilisföng.
11. Umfjöllun um ósasvæði Laxár í Kjós. VMST-V/0216. Sigurður Már Einarsson 2002.

C. Arðskrá

1. Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir Veiðifélag Langár 30. maí 1997.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar til matsmanna

1. Bréf frá eigendum Grenja, dags. 6. sept 2007.
2. Bréf frá eigendum Litla-Fjalls, dags. 12. sept. 2007. Því fylgdi ljósrit af frétt í Tímanum frá 1964.
3. Bréf frá eiganda Rauðaness, dags. 27. sept. 2007.
3. Bréf frá eiganda Háhóls, dags. 1. nóv. 2007.
4. Bréf frá talsmönnum afréttarlands Álftþreppinga og Borghreppinga, dags. 19.nóv. 2007.
6. Bréf frá lögmanni eiganda Ánabrekku, dags. 4. jan. 2008.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir leigusamningar og fleira

1. Bréf Veiðifélags Langár og Urriðaár, dags. 14. ágúst 2006, beiðni um mat á Langá.
2. Bréf matsnefndar til stjórnar félagsins, dags. 27. des. 2006, beiðni um gögn.
3. Bréf formanns félagsins, dags 2. júlí 2007, fylgibréf með gögnum.
4. Fundarboð til landeigenda, dags. 7. ágúst 2007.
5. Fundargerð félagsfundar 20. ágúst 2007, rituð af Stefáni Ólafssyni.
6. Bréf til eiganda veiðiréttar við Langá varðandi gögn og upplýsingar um matsatriði, dags. 20. okt. 2007.
7. Bréf formanns félagsins, dags. 21. nóv. 2007, fylgibréf með gögnum.
8. Samþykktir fyrir Veiðifélag Langár og Urriðaár, nr. 1355/2007.
9. Eldri samþykktir frá 25. ágúst 1973.
10. Leigusamningur við Ingva Hrafn Jónsson, dags. 4. sept. 2005.
11. Leigusamningur við Lax ehf., dags. 24. maí 2007.
12. Kostnaðaráætlun fyrir gjaldaliði Veiðifélags Langár 2008.
13. Bréf frá formanni Veiðifélags Langavatns, dags. 5. apríl 2008.